

Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið

Verkefnastjóri

31. Ágúst 2022
Stefnuráð – 2 fundur

Björn H Reynisson Verkefnastjóri

Hlutverk stefnuráðs

Hlutverk stefnuráðsins er að móta og vera ráðgefandi um tillögur um áfangastaðaáætlun, stefnu og framtíðarsýn um höfuðborgarsvæðið sem áfangastað til næstu 3 – 5 ára sem öll sveitarfélögin vinna þá eftir. Tillögur stefnuráðsins verða lagðar fyrir stjórn SSH til samþykktar, og í framhaldi lögð fyrir sveitarfélögin til endanlegrar afgreiðslu.



2017 /2018

2019

2020

2021

2022

Unnið að áfangastaðaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið en verkefnið gekk ekki til enda.

Undirbúningur og mótun sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024

Kjörnir fulltrúar, atvinnulíf og stofnanir unnu stefnuna.

Áherslumál í Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins

- Atvinna og nýsköpun
- Efla frekar svæðasamvinnu og samstarf

Sérstakt áhersluverkefni sóknaráætlunar 2021.

Ákvörðun um að móta samstarf og skipulag um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga, atvinnulífsins og annarra hagaðila.

Ráðgjafahópur sveitarfélaganna og ferðaþjónustunnar settur á fót.

Tillögum skilað um að verkefninu skuli haldið áfram.

Samningur sveitarfélaganna og atvinnulífsins.

Samningur við atvinnu- og menningamálaráðuneytið.

Stefnurráð sett á laggirnar og ráðgjafahópur starfar áfram og nú með verkefnastjóra.

- Áfangastaðaáætlun

- Undirbúningur og stofnun áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins

Samantekt á verkefni



Tillögur settar fram

- **Tillaga 1:** Stofan yrði sjálfseignarstofnun í eigu sveitarfélaganna og hagaðila.
- **Tillaga 2:** Stofan yrði sjálfstæð eining undir Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í eigu sveitarfélaganna með sérstöku ferðamálaráði bæði frá sveitarfélögunum og atvinnulífinu.
- **Tillaga 3:** Stofan yrði áfram hjá Reykjavíkurborg með sérstöku ferðamálaráði frá bæði sveitarfélögunum og atvinnulífinu.

27. Apríl 2021

Tilgangur, markmið og helstu verkefni

Tilgangur þessa samnings er að setja af stað samstarfsvettvang sveitarfélaga og atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál með það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni. Áherslan verði á þróun, kynningar- og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila.

Markmið samnings þessa eru:

- Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda.
- Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar eftir COVID19

Helstu verkefni samráðsvettvangsins á árinu 2022:


- Að vinna áfangastaðaáætlun, stefnumótun og framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn og aðgerðaráætlun (til 3-5 ára).
- Að greina tölfræði og vinna markmið og mælikvarða fyrir áfangastaðinn.
- Að móta og byggja upp samstarfið.
- Að byggja upp samstarf við þátttakendur/fyrirtæki.
- Að undirbúa stofnun áfangastaða – og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið.

Áfangastaðaáætlun

Áfangastaðaáætlun er heilstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis.

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuyfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Áfangastaðaáætlun



Áfangastaðastofa

Áfangastaðastofa (e. Destination Management Organisation) er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

Áfangastaðastofa

Samkvæmt skilgreiningu stjórnvalda eru hlutverk áfangastaðastofu eftirfarandi:

- a. Gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlana ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.*
- b. Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snertir ferðapjónustu.*
- c. Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarpörf hvers landshluta.*
- d. Stuðla að vöruþróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.*
- e. Leggja mat á fræðslupörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðapjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.*
- f. Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðapjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild.*
- g. Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðapjónustu samkvæmt samstarfssamningum.*

Lykil tölur um ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu


- Ferðapjónusta er **3 stærsta** atvinnugrein höfuðborgarsvæðisins út frá staðgreiðslu launa.
- Í Reykjavík er það **2 stærsta** einkarekna atvinnugrein borgarinnar.
- Útsvar launþega í ferðapjónustu eru **15,1 ma.kr.** eða 10,8% af heildinni árið 2019.
- **2,4 ma.kr** fasteignaskattar af fyrirtækjum í ferðapjónustu árið 2019.



Atvinnutekjur - Höfuðborgarsvæðið


Sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu

Atvinnutekjur á íbúa - Hlutdeild ferðapjónustu af heildartekjum eftir svæðum





Framkvæmdasjóður ferðamannastaða


- 6,9 milljarðar frá árinu 2012
- Höfuðborgarsvæðið fengið 4% af heildar úthlutun frá upphafi eða 256. milljónir.
- 3 sveitarfélög aldrei fengið styrk



	2017 - 2022
Hafnarfjörður	59.710.000
Garðabær	24.580.000
Kópavogur	0
Reykjavík	92.362.000
Seltjarnarnes	0
Mosfellsbær	0
Heildarupphæð	176.652.000







Framtíðarsýn

Náttúra

Menning &
Listir

Velliðan

Sjálfbærni




Outdoor/Nature Náttúra





- Norðurljós — Skilgreind svæði til að skoða Norðurljós
- Gönguleiðir — Aðgengilegt í síma
- Hjólaleiðir — Circle of Reykjavík capital
- Fjaran — hvernig er hægt að upplifa fjöruna
- Fjöllin — Draga þau fram í markaðsefni
- Heiðmörk — Byggja upp heildarskipulag fyrir svæðið
- Esjan — Mögulegt Vörðuverkefni
- Hvalaskoðun og dýraskoðun

Circle of Reykjavík Capital










Af hverju Áfangastaðastofa




Fjármögnun Áfangastaðastofa



Hvað eru þróunarverkefni

Hvað þarf til að ferðamenn séu líklegri til að mæla með Íslandi sem áfangastað*



Þátttakendur í verkefnum

- Verkefni á vegum Íslandsstofu
- Verkefni á vegum stjórnvalda
- Talsmaður svæðis

Þróunarverkefni

- Verkefni sem mótask af þörfum svæðis
- *Reykjanesgeopark*
- *Flugklasinn Air66N*


Markaðs-þróunarverkefni

- Verkefni þar sem hægt væri að ná betri árangri með markaðsetningu.
- *Demantshringur*
- *Vestfjarðarleiðin*

Sameiginleg Verkefni

- Þar sem fleira en eitt sveitarfélag kemur að málum.
- Hjólreiðarhringur
- Kortlagning á Sjálfbærni

Framtíðarsýn verkefnis



Tímaáætlun



Tímaplan verkefnis – 31. Janúar 2023


Tillaga að Áfangastaðastofa – 15. September 2022

Sveitarfélög skila inn aðgerðaáætlun áfangastaðaáætlunar –
15. Nóvember 2022

Skil á áfangastaðaáætlun – 15. Janúar 2023

Af hverju Áfangastaðastofa

- Hvað er að fara gerast til 2030??
 - Hvar ætlum við að vera?
 - Hvernig tryggjum við samvinnu við íbúa?
 - Hvernig verndum við og búum til nýja áningarstaði
 - Hvernig tryggjum við að samskipti við fyrirtæki svæðisins
 - **Hvernig tryggjum við samkeppnishæfni svæðisins**



Af hverju Áfangastaðastofa

- Eykur slagkraft
- Allir eiga í stofunni – sveitarfélög og atvinnulífið
- Sameiginleg sýn á hvað áfangastaðurinn stendur fyrir
- Betri nýting fjármagns
- Þekking og reynsla fyrir allt svæðið
- Tryggir samvinnu
- Talsmaður svæðisins

Takk fyrir

Verkefnastjóri

Björn H Reynisson

bjorn@ssh.is

GSM 863 0001

